

Nd.

59. Frumvarp til laga

[52. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Frá gildistöku þessara laga skal við ákvörðun verðtolls og annarra gjalda á innfluttum vörum, þ. á m. söluskatts, reikna fob.-verðmæti þeirra á hinu nýja gengi. Sama gildir um annan kostnað í cif.-verði, þar á meðal flutningskostnað, sé hann ákveðinn í erlendum gjaldeyri, þannig að krónuvirði hans breytist sjálfkrafa til samræmis við hið nýja gengi, ef greiðsla fer fram eftir gildistöku þessara laga. Á innflutningsfarmskrám, sem farmflytjendur afhenda tollyfirvöldum, skal flutningsgjald tilgreint í íslenskum krónum.

Í fob.-verðmæti skal reikna allan erlendan kostnað, sem á er fallinn, þá er vara er komin í farartæki það, sem flytur hana til Íslands.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um öll önnur gjöld af innfluttum vörum, sem innheimt eru af tollyfirvöldum og ákveðin eru sem hundraðshluti af vöruverðmæti.

Ákvæði 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 68 frá 3. september 1968 um 20% innflutningsgjald falla niður við gildistöku laga þessara að því er varðar allar ótollafgreiddar vörur, sem greiddar eru á nýja genginu. Ber að miða við bankastimplun á vöruskjöl eftir 11. nóvember 1968 sem sönnun um, að gjaldið falli niður og að varan hljóti tollmeðferð skv. 1. málsgrein.

Nú hefur innflytjandi fyrir 11. nóvember 1968 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá miða gjöld af henni, þar með talið 20% innflutningsgjald, skv. lögum nr. 68/1968, við eldra gengið, en þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 17. nóvember 1968.

Nú eru innflutningsskjöl, sem ekki hljóta tollmeðferð, skv. 5. málsgrein, tollafgreidd eftir 11. nóvember 1968 með bankastimpli fyrir þann dag, og skal þá greiða af hlutaðeigandi vöru 20% innflutningsgjald, skv. lögum nr. 68/1968, er miðist við tollverð hennar á gamla genginu, en tollafgreiðsla að öðru leyti miðist við nýja gengið. Það er forsenda fyrir þessari tollafgreiðslu, að varan hafi verið greidd á gamla genginu. Verði hún greidd á nýja genginu, t. d. þar sem samþykktur hefur verið vixill fyrir henni, sem ógreiddur er, þegar lögin taka gildi, ber innflytjanda að sanna það fyrir tollstjóra með vottorði Gjaldreyrisdeildar bankanna í Reykjavík eða vottorði útibús gjaldreyrisbanka utan Reykjavíkur, og fellur þá 20% innflutningsgjaldið niður og varan tollafgreiðist á grundvelli 1. og 4. málsgreina.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vara, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), nema fullnaðartollafgreiðsla, þ. m. t. greiðsla 20% innflutningsgjalds, eigi sér stað fyrir 1. desember 1968.

2. gr.

Óheimilt er vegna gengisbreytingarinnar að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á gengi í gildi fyrir 11. nóvember 1968, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. Til birgða teljast í þessu sambandi vörur greiddar á eldra gengi, sem ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

Verðlagsnefnd skal heimila verzlunarálagningu á sem næst 30% þeirrar hækkunar, sem leiðir af gengisbreytingunni, og sé þá miðað við þá álagningu, sem gildi fyrir gildistöku bráðabirgðalaga nr. 68/1968. Þessi lækkun hundraðshluta

álagningar gildir þó ekki um smásölu- og heildsöluálagningu á vöru, þar sem núgildandi heildsöluálagning er 6.5% eða lægri.

3. gr.

Nú á skipafélag kröfu, sem ákvörðuð er í erlendum gjaldeyri eða miðuð við erlendan gjaldeyri, á innlendan aðila vegna farmgjalda af innfluttum vörum, er ekki hafa verið afhentar móttakanda hennar fyrir gildistöku þessara laga, og skal þá einungis heimilt að innheimta slíka kröfu á hinu nýja gengi, að svo miklu leyti sem skipafélagið á ógreiddan kostnað utanlands í erlendum gjaldeyri vegna flutningastarfsemi sinnar, enda komi samþykki verðlagsnefndar til.

4. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir framleiddar fyrir 15. nóvember 1968, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gilti fyrir 11. nóvember 1968. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi, skv. 1. málsg., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað með sérstökum lögum í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaverðmæti.

5. gr.

Á gengisbreytingarreikning við Seðlabankann, sem stofnaður var skv. 5. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967, skal færa þann gengismun, er verður vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum bönkum. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Færslur þær, sem af þessum ástæðum þurfa að eiga sér stað milli Seðlabankans og bankanna, skulu jafnast með verðbréfakaupum eða öðrum eignatilfærslum, eftir því sem nánar verður um samið milli þessara aðila. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar ríkissjóðs gagnvart alþjóðastofnunum, teljast erlendir gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans.

Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenskum banka fyrr en eftir 11. nóvember 1968, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um greiðslufrestsábyrgðir, þegar skjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur, er til verður vegna ákvæða þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingarreikning, sbr. 1. málsg.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að gengismismunur, sem myndast kann við kaup á gjaldeyri eftir gildistöku þessara laga vegna verksamninga við erlenda aðila, að því leyti sem verkin hafa verið unnin fyrir setningu þessara laga, skuli færður á gengisreikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, sbr. 4. gr.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrir-mæli um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá jafnframt niður ákvæði 5. gr. laga nr. 68/1968, um 20% gjald á útgjöld til ferðalaga erlendis.

Bráðabirgðaákvæði.

Við uppgjör á endurgreiðslum innflutningsgjalds, skv. heimild í bráðabirgðalögum nr. 68/1968, skal heimilt að endurgreiða eða fella niður innflutningsgjald af effirtöldum vörum:

Gasolíu, brennsluolíu, flugvélaeldsneyti, flugvélahreyflum og hlutum til flugvéla, skv. nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, svo og salti og sildarkryddi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í dag, 11. nóvember 1968, hefur Seðlabanki Íslands gefið út tilkynningu um nýtt stofngengi íslenskrar krónu. Af þessu leiðir, að nauðsynlegt er að setja sérstök lög, er kveði á um ýmis framkvæmdatriði varðandi gengisbreytinguna. Hafa slík lög ætíð verið sett, þegar líkt hefur á staðið. Í lagafrumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er þó eingöngu að finna þau ákvæði, sem mest liggur á að lögfesta, svo að ekki sé um nein vafaatriði að ræða, þegar gjaldeyrisviðskipti hefjast væntanlega að nýju þriðjudaginn 12. nóvember á grundvelli hins nýja stofngengis. Síðar verður nauðsynlegt að setja frekari löggjöf um ýmis vandamál, er úr þarf að skera vegna gengisbreytingarinnar.

Yfirleitt má segja, að frumvarp þetta þurfi ekki mikilla skýringa við, þar sem það er að mestu leyti byggt á þeirri reynslu og ákvæðum, er áður hafa verið sett, þegar líkt hefur á staðið. Fara hér á eftir athugasemdir við einstakar greinar þess.

Um 1. gr.

Efni greinarinnar er hið sama og 1. gr. laga nr. 69/1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu. Þó hefur reynzt nauðsynlegt að bæta inn í greinina ákvæðum, sem kveða á um ýmis atriði, sem leiða af 20% innflutningsgjaldi, skv. bráðabirgðalögum nr. 68/1968.

Gert er ráð fyrir, að um innheimtu innflutningsgjalds verði farið eftir venju- legum reglum um tollafgreiðslu, þannig að eldra gengi gildi sem grunnur innflutningsgjaldsins um skamman frest fyrir þá vöru, sem tekin hefur verið til tollmeðferðar (fullgild skjöl, innlögð til tollyfirvalds) fyrir 11. nóvember 1968.

Í 6. málsgrein er ákvæði um, að vörur, sem greiddar eru á gamla genginu, en berast til tollafgreiðslu eftir 11. nóvember 1968, skuli hljóta sérstaka tollmeðferð, þannig að af þeim reiknast 20% innflutningsgjald, miðað við tollverð á gamla genginu, en tolluppgjör að öðru leyti miðast við nýja gengið. Í þessu ákvæði felst, að 20% innflutningsgjaldið, skv. lögum nr. 68/1968, heldur áfram gildi eftir 30. nóvember 1968 um vöruskjöl, sem tollafgreiðast skv. þessari grein.

Hins vegar er ráð fyrir því gert, að allir þeir, sem greiða þurfa vöru á nýju gengi sleppi við greiðslu 20% gjalds, en af hinum sé gjaldið innheimt með sama hætti og verið hefur.

Loks er sú breyting gerð frá 1. gr. áðurnefndra laga nr. 69/1967, að frestur til uppgjors á tolli fyrir vörur, sem afhentar hafa verið innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu, er stytur úr tveimur mánuðum í u. þ. b. þrjár vikur. Þykir ekki ástæða til lengri frests í þessu efni.

Um 2. gr.

Í fyrstu málsgrein er um að ræða samhljóða ákvæði og áður hefur verið fylgt við gengisbreytingar, og er sett til að tryggja, að ekki verði um verðhækkunargróða að ræða á þeim birgðum erlendra vara, sem greiddar eru á eldra genginu.

Í 2. málsgrein er kveðið á um þær ákvarðanir, sem þegar í stað þarf að gera í verðlagsmálum eftir gengisbreytinguna, og er hér um hliðstætt ákvæði að ræða og sett var í 3. gr. bráðabirgðalaga nr. 68/1968 um 20% innflutningsgjaldið, en þó þykir óhjákvæmilegt að hafa sérákvæði um þær vörur, sem allra lægst álagning hefur verið á í heildsölu.

Um 3. gr.

Samhljóða ákvæði var í lögum nr. 69/1967 um gengisbreytinguna það ár.

Skipafélög hafa haft ákvæði í farmsamningum, sem miða farmgjöld við erlendan gjaldeyri. Munu þau ákvæði byggð á því, að verulegur hluti tilkostnaðar skipa-

félaga fellur til erlendis, enda standa félögin að jafnaði í miklum erlendum rekstrar-skuldum, einkum við umboðsmenn.

Að því leyti, sem skipafélag á kröfu í erlendum gjaldeyri á innlandan aðila, eins og segir í upphafi greinarinnar, þá er því aðeins heimilt að innheimta um-rætt farmgjald, miðað við hið nýja gengi, að svo miklu leyti sem skipafélagið á ógreiddan erlendan kostnað vegna flutningastarfseminnar, þegar gengisbreytingin tekur gildi, enda komi samþykki verðlagsnefndar til.

Um 4. gr.

Hér er um að ræða ákvæði, sem að efni til er það sama og var í lögum nr. 69/1967. Er nú miðað við 15. nóvember 1968.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir því, að sá gjaldeyrir, sem skilað er til banka fyrir afurðir, sem framleiddar eru fyrir nefndan dag, skuli greiddur á hinu gamla gengi.

Þá er talið sjálfsgagt, að þeim mismun, sem þarna kemur fram, verði varið í þágu þeirra atvinnuvega, sem þær afurðir koma frá, sem ákvæði þessarar greinar taka til.

Nánari ráðstöfun á því fé, sem hér um ræðir, fellur hins vegar ekki innan ramma þessara laga og er því gert ráð fyrir, að um það verði sett sérstök lög.

Um 5. gr.

Ákvæði hliðstæðs efnis er að finna í 5. gr. laga nr. 4/1960, 1. gr. laga nr. 28/1962 og 5. gr. laga nr. 69/1967, og er hér farin sama braut og áður um meðferð gengismunar við gjaldeyrisbankana. Aðalefni greinarinnar er, að bankarnir hvorki hagnist né biði skaða við gengisbreytinguna, og er gengismunurinn, hagnaður eða tap, færður á gengisbreytingarreikning þann, sem stofnaður var við Seðlabankann með lögum nr. 69/1967, 5. gr. Í greininni er nú ákvæði, sem í felst, að heildar-uppgjör milli Seðlabanka og gjaldeyrisviðskiptabanka skuli jafnast með verðbréfa-kaupum eða öðrum eignatilfærslum, eftir því sem nánar verður um samið milli þessara aðila.

Í annarri málsgrein er um að ræða hliðstætt ákvæði og sett var í nefnd lög, og gengismunur, sem til fellur í þessu sambandi, færður á sambærilegan hátt og áður hefur verið. Ákvæði greinarinnar nær þó eigi til gjaldfallinna ábyrgða með erlendum greiðslufresti, þegar hlutaðeigandi vöruskjöl hafa verið afhent innflytj-anda fyrir gengisbreytinguna.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Jafnhliða gildistökuákvæði er hér fellt úr gildi ákvæði 5. gr. bráðabirgðalaga nr. 68/1968, um útgjöld til ferðalaga erlendis.

Um bráðabirgðaákvæði.

Vegna gengisbreytingar þeirrar, sem nú hefur verið ákveðin, verður óþarft, að Alþingi taki að öðru leyti en gert er í lögum þessum afstöðu til frumvarps til laga um staðfestingu á bráðabirgðalögum nr. 68/1968, um innflutningsgjald o. fl., sem nú liggur fyrir Alþingi.

Í framkvæmd laganna komu fram fjölmörg vandamál og sum þess eðlis, að ekki þykir fært að gjaldið verði innheimt. Hér er um að ræða gasolíu og brennslu-olíu til annarra en sjávarútvegsins, flugvélaeldsneyti, flugvélahreyfla, hluti til flug-véla skv. sérstökum ákvörðunum fjármálaráðuneytisins, svo og salt og sildarkrydd.

Þykir rétt að leita hér lagaheimildar til endurgreiðslu eða niðurfellingar gjalds-ins af þessum vörum.